


Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1668
komudagur 24.4 2007



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Umhverfisnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. apríl 2007
Tilvísun: 2007030018
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til skipulagslaga 661. mál og frumvarp til laga um mannvirki, 662. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 20. mars 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til skipulagslaga, 661. mál og frumvarp til laga um mannvirki, 662. mál.

Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar um hvort frumvarp fyrir sig:

Frumvarp til laga um mannvirki

Byggingarleyfisskylda

Samkvæmt 2. gr. frv. er lögum um mannvirki ekki ætlað að gilda um innviði eins og samgöngumannvirki. Hins vegar er sérstaklega tekið fram í 8. gr. frv. að dreifi- og flutningskerfi veitna (raf-, hita-, vatnsveitna og fjarskipta) séu leyfisskyld. Þennan greinarmun telur Orkustofnun vera óeðlilegan. Í athugasemdum um helstu nýmæli frv. segir í d-lið að rök fyrir undanþágu frá byggingarleyfisskyldu hafi verið þau að um framkvæmdir á vegum opinberra aðila hafi áður verið að ræða en það sé ekki reyndin lengur þar sem með nýlegum breytingum á raforkulögum hafi rekstrarumhverfi orkumannvirkja verið breytt. Þarna er um verulega ónákvæmni að ræða.

Með raforkulögum nr. 65/2003 var opnað fyrir samkeppni í raforkuframleiðslu. Flutnings- og dreifikerfi raforku er hins vegar háð einkaleyfum og er í höndum fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Flutningsfyrirtækið Landsnet og dreifiveitur sæta eftirliti samkvæmt raforkulögum. Því gilda sömu rök um flutnings- og dreifikerfi raforku og áður voru fyrir undanþágu byggingarleyfisskyldu og sömu rök og enn gilda fyrir undanþágu samgöngumannvirkja frá skyldunni. Orkustofnun leggur því til að flutnings- og dreifikerfi raforku verði undanþegin byggingarleyfisskyldu skv. lögum um mannvirki.

Orkustofnun bendir á að skv. 3. mgr. 12. gr. frv. er ekki gert ráð fyrir öryggis-eða lokaúttekt vegna þeirra mannvirkja sem hér um ræðir, né heldur er gerð krafa um að fyrir liggi ábyrgðaryfirlýsingar byggingarstjóra vegna þeirra. Þetta telur Orkustofnun styðja skoðun stofnunarinnar um að óþarfi sé að gera mannvirkin byggingarleyfisskyld, því aðal rökin fyrir slíkri skyldu fælust væntanlega í því að öryggi þeirra sé tryggt. Stofnunin bendir á að samkvæmt gildandi lögum og 12. gr. frv. til skipulagslaga skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við skipulag, svo byggingarleyfisskylda verður ekki réttlætt með vísun til þess.

Hins vegar telur Orkustofnun, ekki síst eftir að samkeppni komst á í raforkuframleiðslu, eðlilegt að virkjanir sæti sama formlega undirbúningi hvort sem þær eru framkvæmdar á vegum einka- eða opinberra aðila og séu byggingarleyfisskyldar. Orkustofnun bendir í þessu sambandi einnig á að verulega virðist hafa skort á að sveitarfélög hafi haft eðlilegt framkvæmdaeftirlit með virkjunum á vegum einkaaðila, sem byggingarleyfisskyldar eru skv. gildandi lögum. Vill stofnunin benda á 4 nýleg dæmi um stíflurof virkjana, sem byggðar hafa verið af einkaaðilum.

Gjaldtaka

Í 1. mgr. 37. gr. frv. er kveðið á um innheimtu byggingaröryggisgjalds, sem notað skuli til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Í 39. gr. frv. er heimild fyrir ráðherra til að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast. Orkustofnun telur að skýra þurfi skil framangreindra ákvæða, þ.e. hvar fjármögnun með gjaldi samkvæmt 37. gr. frv. sleppir og hvar gjaldtaka skv. 39. gr. frv. tekur við.

Frumvarp til skipulagslaga

Orkustofnun fagnar áformum um að samræma áætlanir um landnotkun sem varða almannahagsmuni í landskipulagsáætlun, eins og lagt er til í 10. gr. frv. Það er og hefur verið skoðun stofnunarinnar að það sé réttur vettvangur til að samræma geiraáætlanir mismunandi stjórnvalda og að taka af tvímæli um rétt hæð slíkra áætlana. Stofnunin telur að með gerð landskipulags verði unnt að kveða niður deilur um landnýtingu hinna ýmsu geira samfélagsins og um rétt hæð áætlana og áforma um framkvæmdir.

Virðingarfyllt



Elín Smáradóttir